

Reggio fréttir

Ritstj. Guðrún Alda Harðardóttir og Kristín Dýrfjörð

1 tbl. 2.árg.

Nú er komið að þessu fréttabréfi númer tvö. Úti skín sól og á Akureyri er tuttugu stiga hiti. En það er líka sól í sinni, því framundan er stóra stundin okkar. Draumurinn er að verða að veruleika, fyrsta alþjólega ráðstefnan um leikskólamál á Íslandi er að skella á. Okkur finnst það viðeigandi að hún er um Reggio. Viðeigandi af því að það er einmitt það sem Reggio er, alþjóðlegir straumar og samstarf fólks sem hefur það að áhugamáli að bæta uppeldisskilyrði barna, breyta sýn okkar á börn, getu þeirra og hæfileika. Við árpúsundamót er nauðsynlegt að horfa til framtíðar en líka skoða rætur sem liggja til fortíðar. Við upphaf síðustu aldar voru konur og menn á Íslandi sem hugsuðu stórt, það er okkar að vera ekki smærri.

Með sólarkeðju
Guðrún Alda og Kristín

Glerfuglar í skýjunum

Um fjöllun um bók Birgittu Kennedy
leikskólakennara

Í bókinni fjallar Birgitta Kennedy um starfsþróun sína sem leikskólakennari. Hún fléttir í gegn um uppeldislegar skráningar sem hún á frá starfi sínu í leikskólanum Trollet frá 1987. Styrkur bókarinnar liggur m.a. í því að hér er leikskólakennari að skrifa um sitt starf. Því miður er ekki hefð fyrir því að leikskólakennarar skrifi sjálfir um sinn starfsvettvang, þeir hafa fært þá ábyrgð yfir á aura. Meðal annars til rannsakenda úr öðrum stéttum sem hafa þannig virst vera sérfræðingar í leikskólastarfi. En mesti styrkur bókarinnar er tvímælalaust að Birgitta gefur

ekki aðeins lesendum innsýn í starfsþróun sína heldur birtir hún þeim líka eigin vangaveltur. Birgitta varpar þannig fram fjölda spurninga og lesandi sem hefur reynslu í að vinna í leikskóla verður vart ósnortinn, minningar um eigið starf vakna, hann veltir fyrir sér hvernig og hversvegna hann starfaði, hverju hann vill breyta... Mér finnst orð eins leikskólakennara lýsa þessu best, hún sagði eitthvað á þessa leið “ég er búin að lesa bókina þrisvar og hún er aldrei eins, það er aldrei sama bókin sem ég les í raun, vegna þess að hún vekur upp mismunandi minningar hjá mér í hvert sinn sem ég les hana” .

Í upphafi bókar gengur Birgitta í gegnum leikskólann og lýsir því sem fyrir augu ber. *Silkipappírshútar í öllum regnboganslitum falla niður. Litirnir heilla Ísak og Jóhönnu sem sitja á gólfinu. Börnin hlæja og heilluð teygja þau hendurnar í átt að hvirfilvindi lita. Ísak nær einum bút, sem er háll og mjúkur viðkomu, skjáfar, beint í munninn fer hann og jafnharðan út á ný. Rauður liturinn skilur eftir sig merki á vör Ísaks... Við borð situr Lotta (leikskólakennari) og skráir svo penninn glóir.... Þegar ég kem inn til þriggja ára barnanna á deildinni segir Leo (leikskólakennari) mér frá því hvernig þau hafa breytt tveimur herbergjum í íbúð, sem er hönnuð frá þörfum barna í hlutverkaleik. Hugmyndin vaknaði þegar Önnu, þriggja ára fannst herbergin vera óhentug í leik. Það sé svo erfitt að vera mamma og geta ekki haft yfirsýn yfir börnin sín. Foreldrar, starfsfólk og börn unnu saman að breytingunum... Í undirbúningaherberginu situr Mía og veltir*

fyrir sér byggingum nokkurra barna. Hvernig hugsar Mats þegar hann teiknar bygginguna sína á þennan hátt? Hvers vegna gerði Jakop allt öðruvísi? Hvernig held ég áfram? Hvernig á ég að túlka það sem gerist? Við Mía ákveðum að hittast aftur eftir smá stund... Á byggingasvæðinu eru nokkur börn upptekin í byggingaleik með fjölbreyttan efnivið. Þar má sjá legókubba, trédýr, trékubba, litla tígulsteina, köngla og sæbarna fjörusteina. Byggingar barnanna verða fjölbreyttari og ríkari ef efniviðurinn er fjölbreyttur... Nokkur barnanna sitja og rökræða við Maríu um það hvernig leikvöllurinn lítur út, þau teikna skissur og fá möguleika á að velta fyrir sér hvernig þau vilja breyta honum. Þetta er hluti af stærra verkefni.

Þessi lýsing gefur lesandanum innsýn í lífið í leikskólanum. Eins og fram hefur komið fer Birgitta í gegnum skráningar frá 1987 til 1997. Í þessari umfjöllun verður aðeins gripið niður í upphafið síðan fjallar Birgitta um mörg þemaverkefni sem ekki verður fjallað um hér. En hugum aðeins að upphafinu.

Upphafið

Þegar við skipulögðum og settum markmið var það samt sem áður mjög hefðbundið og sagði í lítið. Á þessum tíma voru sameiginlegar umræður í raun áhugaverðari og fróðari. En þá höfðum við ekki getu til að færa hugsanir okkar í skrifuð orð, þess vegna varð þetta eins og það var.

Markmiðið sem við settum eru ansi óskiljanleg fyrir mér í dag, en við gerðum þetta svona...

- Öll börnin fá möppu þar sem þau segja frá sér og fjölskyldu sinni.

Reggio fréttir

- Fá börnin til að segja frá, taka viðtöl við hvort annað, sýna ljósmyndir og teikningar.
- Teikna, mála og leikræn tjáning.
- Hvernig lít ég út? Vekja athygli barna á hvað þau eru lík og ólík.
- Svipbrigði, hvernig breytast augu, munnur... eftir líðan?
- Efla jákvæða sjálfsmynd.
- Stuðla að innra öryggi og líðan barns og barnahópsins, viðurkenna hvert annað, gleðjast saman, hjálpast að, vinna gegn mismunun vegna útlits, þjóðernis og fötlunar.

Þar að auki ákváðum við mismunandi leiðir til að ná markmiðunum, með samtölum, vettvangsferðum, skapandi starfi o.s.frv. Í markmiðum lýstum við líka hugmyndum um þær athuganir sem við vildum gera. “Við viljum styðja og hvetja börnin áfram í takt við þroska þeirra, sýna þeim áhuga og vera glöð saman. Vera til staðar þegar þau þurfa aðstoð við að skilja samhengi og vinna úr erfiðum aðstæðum, grípa inn í og setja mörk þegar þess þarf.” Hvað segir þetta um hugmyndir okkar um skráningu og athuganir? Ekkert! Þetta er fyrst og fremst allt hugsað út frá forsendum fullorðinna og segir alls ekkert um hugmyndir okkar um athuganir á hug barnanna. Þetta er einna helst lýsing á hlutverki leikskólakennara.

Birgitta heldur áfram, ég held að þetta sé lýsandi dæmi á því hvernig við leikskólakennarar höfum oft gert. Við fáum fín orð og glæsilegt orðalag að láni frá öðrum, án þess að raunverulega lesa hvað í þeim felst eða setja þau í okkar samhengi. Þó við höfum ekki fyllilega gert okkur grein fyrir því hvernig við ætluðum

að gera þá byrjuðum við að athuga og skrá... Við tókum strax eftir því að við að sjá verk sín sett upp á vegg þannig að börnin og aðrir gátu séð, þá óx sjálfsmynd þeirra, -þau urðu stolt, -við sýndum á áþreifanlegan hátt að okkur fannst verk þeirra merkileg, -við fengum áhugasama foreldra. Þetta var ný og mikilvæg upplifun fyrir alla. Við gerðum okkur ljóst hvers við og börnin förum á mis við ef við segjum ekki frá verkum okkar. Við fengum strax viðbrögð við skráningum okkar, viðbrögð um það sem börnin sögðu og gerðu. Að auki vakti það mikla undrun hjá börnunum að við gátum lesið fyrir þau, hvað þau voru að hugsa og segja daginn áður, “sagði ég svona? Manstu það?” Nú var enn ný upplifun meðal barnanna, okkur fannst það sem þau sögðu vera mikilvægt! Þetta var nýtt fyrir þeim. En eftir á að hyggja get ég séð að á þessu fyrsta misseri okkar þá nýttum við ekki hugmyndir og orð barnanna í raun. Þó við hlustuðum á þau! En við byrjuðum að uppgötva hversu mikið börnin geta kennt okkur. Við vorum að sjálfsögðu föst í hefðbundinni sýn á börn. Það var krefjandi og ánægjulegt verk að reyna að finna nýja sýn á börn. En hvaða sýn vildum við finna? Hefðir innan leikskólans hafa gengið út frá sjónarhóli þróunarsálfræði. Þar sem fimm ára barn er á einn hátt og þriggja ára barn á annan. Við leikskólakennarar vorum settir í að fylgjast með þroska barnanna t.d. hreyfiþroska, félagsþroska... Því barni var vorkunn sem ekki passaði inn í “skapalónin!” Þá áttum við strax að bregðast við og “laga” það. Á þessum tíma var okkur kennt að einblína á veikleika barna í stað þess að einblína á hæfileika þeirra. Ef ég vel að einblína fyrst og fremst á veikleika barna krefst

það leikskólakennara sem alltaf er til staðar, allstaðar, segir frá, útskýrir, lagar, verndar og vaktar. Sem þýðir að ég sem fullorðinn get allt, veit allt og verð að miðla því til barnanna. Á þennan hátt veiti ég börnunum ekki möguleika á að hugsa sjálf setja fram eigin spurningar og nota hugmyndaflug sitt og hæfileika.

Síðan fjallar Birgitta um hvert þema fyrir sig, rýnir í sitt starf, veltir því fyrir sér hvers vegna hún gerði hlutina svona eða hinsegin og hvernig hún mundi gera í dag. ...þegar ég les þessar skráningar þá sé ég nýjan og áhugavekjandi þátt. Spurningin sem einn drengjanna setti fram... Henni tekst á ótrúlega uppbyggjandi hátt að gagnrýna starfsaðferðir leikskólakennara. Sem dæmi segir hún: ...Það er hefð í leikskólum að sýna “fallegu” myndir barnanna til að leikskólakennarar upplifi sig sem góða “pedagóka”. Við eigum aldrei að vanmeta útkomuna, en ég hef reynt að upphefja að það áhugaverða er hvernig barnið gerir og hversvegna. Það er það sem við eigum að reyna að skilja með því að skrá...


Í seinni hluta bókarinnar segir Birgitta: Að hitta kollega hefur ávallt hjálpað mér til að sjá vinnuna með börnunum á annan hátt. Það vekur alltaf nýjar hugmyndir. Ekkert er búið -þó ég hafi einu sinni hugsað eitthvað ákveðið út frá starfinu! Það er svo augljóslega núna- þegar ég fer í gegnum gamalt efni til að finna þá leið sem ég fór til að verða leikskólakennari sem er betri en fyrr, sem er betri í að bregðast við og hugleiða starf barnanna... Að finna leið þar sem okkur einlæglega finnst að spurningar og viðbrögð barnanna séu mikilvægari en staðreyndir um þekkingu á efninu - augljóst að það er

ekki auðvelt starf. Við viljum gjarna að börnin hugsi sjálfstætt en helst eiga þau að leysa verkefnið á þann hátt sem við teljum vera rétt. En er það þannig að það er ein rétt leið? Er það ekki þannig að sérhver manneskja sér og upplifir heiminn á sinn eigin máta? Höfum við þessi fullorðnu þá rétt til þess að koma með alsherjar lausnir og svör? Eiga börn rétt á að hafa sína mynd af heiminum líkt og sína mynd af steininum? Ég þarf sífellt að spyrja mig hvaða sýn ég hef á börn. Og hvaða sýn ég hef á þekkingu. Þori ég að mæta sjálfri mér? Þori ég að sjá mína hæfileika? Þori ég að sjá hæfileika kollega minna?

Þróun stöðvast ekki og þessari umfjöllun lýkur með orðum Birgittu frá samtali við undirritaða í febrúar 2000. Núna eru tvö ár síðan ég skrifaði bókina, það hefur margt gerst síðan...

Guðrún Alda Harðardóttir

Að leika með silkipappír



Pema um ævintýr undirbúið

Karen Hansen, leikskólakennari í leikskólanum Vandel í Danmörku. (KD þýddi lauslega úr DET DANSKE REGGIO EMILIA NETVÆRK, Nyhedsbrev nr. 4, júní 1999)

Ævintýr hafa alltaf heillað mig, og reynslan hefur sýnt mér að börn eiga líka í sérstökum tengslum við ævintýrin.

Sem dæmi má nefna að þegar ég kalla yfir hópinn, núna ætla ég að leika Rauðhettu og úlfinn þá safnast alltaf flokkur barna í kring um mig. Að sjá spennuna í svip þeirra þegar að úlfurinn gleypir Rauðhettu í tuttugasta og fyrsta skiptið og létirinn þegar veiðimaðurinn bjargar Rauðhettu, fyrir mér er það sönnun þess að ævintýrin lifa enn.

Ég ákvað því að bjóða upp á þema, þar sem gegnið er út frá ævintýrum.

Ég setti niður 15 spurningar sem allar tengjast ævintýrum á einn eða annan hátt. Dag einn spurði ég börn af báðum kynjum og á mismunandi aldri, spurninganna. Til aðstoðar gerði ég skráningu og til þess notaði ég segulband (diktafón). Ég hlustaði á upptökuna aftur og aftur og á starfsmannafundi spilaði ég sérvalda kafla úr samtölunum. Þegar ég hafði ígrundað með samstarfsfólki mínu samtölin komst ég að þeirri niðurstöðu að ég vildi vinna að verkefni með hóp 5. ára sem í voru jafnmörg börn af báðum kynjum.

Þau börn sem sýndu mestan áhuga á spurningum mínum var boðið að vera með í þema um ævintýr sex börn vildu gjarnan vera með.

Upphafið er mikilvægt fyrir það hvernig þemað þróast. Þess vegna getur verið gott að ræða við aðra leikskólakennara eða jafnvel ráðgjafa áður en þemanu er hleypt af stokkunum, en til að sá tími nýtist er best að hafa eitthvað handfast, ég hafði t.d. skráninguna mína

Hér kemur stuttur útdráttur úr einni skráningunni. (Karen er ég, en S er barn)

Karen: Hver býr eiginlega til ævintýrin, ég hef svolítinn áhuga á því?

S: Það höfum líka.

Karen: Já, en ég skil þetta ekki alveg, hver býr þau til?

S: Það gerir bóksalinn.

Karen: Já, er það bóksalinn sem býr þau til?

S: Nei, það er hann sem selur þau.

Karen: Já, það er hann sem selur þau, en hver skrifar ævintýrin?

S: Það er næstum bóksalinn.

Þessa skráningu notaði ég í bréf sem ég sendi heim með þeim börnum sem höfðu áhuga á að vera þátttakendur. Þetta var mín leið til að fá foreldrana til að vera með frá upphafi. Vonandi varð það líka til að skapa umræðu heima t.d. um það hver býr til ævintýr?

Ég kynnti hugmyndina á starfsmannafundi og síðan hófst minn eigin undirbúningur.

Undirbúningur minn fólst m.a. í því að skoða tengsl mín og viðhorf til ævintýrsins. Ég skráði mína eigin reynslu niður, frá því að ég var barn og til dagsins í dag.

Þessi skráning var björgunarhringur minn í hvert sinn sem mér ég fannst ég fara fram úr börnunum af áhuga mínum á ævintýrum.

Með þessu á ég við að ég notaði eigin reynslu sem einhverskonar spegill, sem ég speglaði mig í, svo ég kæfði ekki áhuga barnanna. Þetta var þeirra þema, ekki mitt.

Á næsta starfsmannafundi las ég upp úr því sem ég hafði skrifað um reynslu mína. Aðrir sögðu mér frá eigin reynslu af ævintýrum.

Endurgjöfin frá samstarfsfólkinu, sérstaklega einni samstarfskonu minni var mjög mikilvæg. Reynsla hennar var áþreifanlegri en mín sem var meira svífandi og draumkennd. Á þennan hátt höfðu við báðar nokkuð að leggja fram til þemans.

Á þessu augnabliki var mikilvægt fyrir mig og samstarfskonu mín að finna hvert markmiðið með þemanu ætti að vera. Ætluðum við t.d. að vinna með málþroskann?

Með því að skilgreina markmiðið höfðum við einhverskonar rauðan þráð til að halda okkur við, í gegn um þemað.

Undirbúningurinn fólst líka í því að lesa tilheyrandi “fag-litteratúr” t.d. höfðu allir starfsmenn fengið það verkefni að lesa “Neuropædagogik” eftir Matti Bergstöm, í þeirri bók fann ég kafla sem hægt var að tengja þemanu.

Síðasti hluti undirbúningsins fólst í því að ákveða efnivið og rými sem ætlað var til þemans. Það er góð hugmynd að velja efnivið sem starfsfólk þekkir vel og rýmið eða herbergið verður að verður að veita börnunum innblástur.

Reggio fréttir

Þegar þessum undirbúningur var lokið hafði ég þann grunn sem þurfti til að fara af stað með þemað.

Þetta þema var eitthvert það besta sem ég hef unnið, en líka samtímis, eitt það erfiðasta. Erfiðast af því að við undirbúninginn var ég alltaf að hnjóta um nýja og nýja vinkla eða sjónarhorn. Því eitt er víst ekkert, er öruggt með börnin og hundrað málin, **til allrar hamingju.**

Áhugaverð slóð

<http://ecrp.uiuc.edu/index.html>



Nokkur orð að lokum

Í apríl og maí var tveggja daga námskeið í skráningu fyrir félagi í Reggio hópnum, fyrri daginn vorum við í á Grettisgötu 89 en seinna skiptið í leikskólanum Hlaðhömrum í Mosfellsbæ. Ástæða er til að þakka góðar viðtökur og var sérstaklega gaman að vera með svona námskeið í leikskóla.

Á námskeiðinu var ákveðið hópurinn að reyna að hittast tvisvar á ári helst í október og svo aftur í apríl. Þá væri áhugavert ef hægt væri að hafa fyrirlestur og síðan að skoða saman og pæla í gegnum skráningar. Tókum við Guðrún að okkur að kalla saman hópinn og munum við gera það þegar degi tekur að halla.

Enn og aftur það væri gaman ef fólk er til í að senda sýnishorn af skráningu til okkar til birtingar í fréttabréfinu. Það verður jú að byggjast upp á okkar eigin framlagi og kemur ekki oftar út en við höfum efni til. Með því að birta skráningarnar getum við lært saman og af hvort öðru.

Kristín Dýrfjörð

